

Föstudaginn 17. janúar 1964.

Nr. 74/1963. **Unnur A. Jónsdóttir**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Magnúsi Thorlacius persónulega (sjálfur)

og

**Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka,
til vara Ryszard Gorka, persónulega (enginn).**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línðal.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. maí 1963 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. s. m., þar sem vísað var frá dómi þeim þáttum bæjarþingsmálsins nr. 979/1962, sem snertir varnaraðilja kærumáls þessa.

Eftir að skjöl málsins höfðu borizt Hæstarétti ásamt greinargerðum sóknaraðilja og varnaraðiljans Magnúsar Thorlacius, en þau ein hafa sótt eða látið sækja dómþing í málinu, ákvað dómurinn, að kærumálið skyldi flutt munnlega, sbr. 33. gr. laga nr. 57/1962. Fór munnlegur málflutningur fram 13. þ. m.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hún og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans in solidum.

Varnaraðili Magnús Thorlacius krefst þess *aðallega*, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, *til vara*, að bæjarþingsmálinu verði í heild vísað frá héraðsdómi, og *til þrautavara*, að hinn kærði dómur verði staðfestur. Hvernig sem málið fer, krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

I.

Aðalkröfu sína um vísun kærumálsins frá Hæstarétti byggir varnaraðili Magnús Thorlacius á því, að lögmaður sóknaraðilja hafi, án samráðs við sig, gert ágrip dómskjala til afnota við munnlegan málflutning hér fyrir dómi, enda hafi og ýmsu verið þar úr sleppt. Er það að vísu svo og ámælisvert, að ekki hefur verið gætt ákvæða 42. gr. laga nr. 57/1962 að þessu leyti, en ekki þykir þó alveg næg ástæða til að vísa kærumálinu frá Hæstarétti af þessum sökum, enda var að mestu úr bætt á seinustu stundu.

II.

Varakrafa varnaraðiljans Magnúsar Thorlacius er á því reist, að almennir dómstólar „eigi ekki lögsögu yfir skiptaráðanda f. h. þrotabús“. Sú úrlausn héraðsdómara að synja frávísunar, að því er snertir skiptaráðandann í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar, hefur eigi verið kærð af hálfu skiptaráðanda. Þykir þetta atriði því eigi koma til álita í kærumáli þessu.

III.

A. Kröfur sóknaraðilja á hendur Ryszard Gorka, þ. e. aðallega gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, til vara gegn Ryszard Gorka persónulega.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum kærða dómi, ber að staðfesta úrlausn dómara um frávísun máls og málskostnað gagnvart Ryszard Gorka.

Kærumálskostnaður fellur niður, að því er hann snertir.

B. Kröfur sóknaraðilja á hendur Magnúsi Thorlacius persónulega, þ. e. krafa um dómsviðurkenningu á rétti til fjárnáms í tryggingarfé fyrir bótafjárhæð samkvæmt væntanlegum dómi og 100.000 króna málskostnaði samkvæmt dómi Hæstaréttar 9. maí 1962 og krafa um greiðslu vaxta, eins og nánar greinir í héraðsdómi, auk málskostnaðar.

Telja verður, að það beri undir hinn almenna dómstól borgardómara í Reykjavík að veita efnislega úrlausn á fram-

angreindri kröfu sóknaraðilja um viðurkenningardóm. Krafa sóknaraðilja um greiðslu vaxta úr hendi varnaraðiljans Magnúsar Thorlacius er ekki vanreifuð í þeim skilningi, að frávísun varði. Frávísunarástæða sú, sem greind er í 4. lið í héraðsdómi, hefur ekki við rök að styðjast, þegar litið er til kröfugerðar sóknaraðilja. Og þar sem fallast má á rök héraðsdómara fyrir því, að öðrum frávísunarástæðum varnaraðilja (5—6) er hrundið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi, að því er varnaraðilja Magnús Thorlacius varðar, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms að þessu leyti.

Eftir atvikum verður kærumálskostnaður þó einnig látinn niður falla gagnvart varnaraðilja Magnúsi Thorlacius.

Það athugast, að héraðsdómari hefur andstætt lokaákvæði 194. gr. laga nr. 85/1936 látið þess ógetið í þingbók, hvort aðiljar eða umboðsmenn þeirra hafi verið viðstaddir dómsuppsögu.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar Ryszard Gorka.

Að öðru leyti er dómurinn úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Unnar A. Jónsdóttur, á hendur varnaraðilja Magnúsi Thorlacius persónulega.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. apríl s.l., hefur Unnur A. Jónsdóttir, Hamrahlíð 27, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. ágúst 1962, gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Reykjavík, f. h. Ryszard Gorka frá Warzawa í Póllandi, til vara Ryszard Gorka sjálfum, og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar til greiðslu in solidum á kr. 100.000.00 í bætur vegna kyrrsetningar á eignum stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, framkvæmdir 13. og 29. júní 1957, og eftirfarandi máls-

sóknar auk kr. 100.000.00 málskostnaðar samkvæmt hæstaréttar-dómi í málinu nr. 90/1961: Unnur A. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka o. fl., og að Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður persónulega og f. h. Ryszard Gorka, til vara Ryszard Gorka persónulega, verði dæmdir in solidum til að viðurkenna rétt stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvixli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdir af borgarfóget-anum í Reykjavík á eignarhluta Finnboga Kjartanssonar í hús-eigninni nr. 54 við Háteigsveg hér í borg, og eftirfarandi máls-sóknar, til að nota andvirði víxilsins til greiðslu á málskostn-aði, að fjárhæð kr. 100.000.00, samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 90/1961: Unnur A. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thor-lacius f. h. Ryszard Gorka svo og til greiðslu bótafjárskuldar þeirrar, er stefnanda kann að verða ákveðin með dómi í þessu máli, auk framangreinds málskostnaðar samkvæmt dómi Hæsta-réttar, hvoru tveggja auk vaxta og kostnaðar, allt að því leyti sem andvirði víxilsins kann að hrökkva til. Þá kveðst stefnandi munu krefjast þess, að stefndi, Magnús Thorlacius f. h. Rys-zard Gorka, til vara Ryszard Gorka sjálfur, og skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Finnboga Kjartanssonar verði dæmdir in solidum til að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð, er dæmd kann að verða stefnanda með dómi í þessu máli, auk framan-greinds kr. 100.000.00 málskostnaðar, og Magnús Thorlacius per-sónulega og aðrir framangreindir aðiljar verði dæmdir in solid-um til að greiða sömu vexti af nefndum kr. 100.000.00 sam-kvæmt dómi Hæstaréttar, hvort tveggja frá stefnudegi til greiðslu-dags.

Loks kveðst stefnandi, Unnur, krefjast þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað í máli þessu að mati réttarins.

Stefndi, Magnús Thorlacius, hefur krafizt þess, aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýkn-aður af öllum kröfum stefnanda. Þá hefur hann og krafizt máls-kostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Stefnandi hefur krafizt þess, að framkominni frávísunarkröfu verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunar-kröfu þessa.

Stefnandi kveður málavexti vera sem hér segir:

„Stefnandi og Finnbogi Kjartansson stórkaupmaður, hér í bæ, sem höfðu gengið í hjónaband árið 1945, skildu að borði og sæng með leyfisbréfi borgardómarans í Reykjavík, dags. 20. júlí 1957.

Með bréfi til borgarfégetans í Reykjavík, dags. 10. s. m., hafði Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. Ryszard Gorka frá Warszawa beiðzt kyrrsetningar á eignum Finnboga Kjartanssonar til tryggingar skuld, að fjárhæð 44.000.00 bandaríkjadollarar með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1950, eins og nánar var greint í bréfi hæstaréttarlögmannsins og síðar í stefnum, til greiðsludags auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kæmi.

Kyrrsetning var síðan framkvæmd hinn 13. júlí 1957 í eignarhluta þeirra hjóna, stefnanda og Finnboga Kjartanssonar, í húsinu nr. 54 við Háteigsveg hér í bæ. Hinn 29. s. m. var kyrrsetningunni haldið áfram og þá kyrrsettir nokkrir innanstokksmunir í skrifstofu Finnboga til tryggingar sömu skuld.

Við kyrrsetningu 13. júlí, sem framkvæmd var í húseign þeirra hjóna, var hvorugt þeirra mætt og enginn að þeirra tilstuðlan fyrir þeirra hönd, en að tilhlutun fógeta mætti Úrsúla Gunnþórsdóttir af þeirra hálfu. Aðspurð kvaðst hún eigi greiða fyrir gerðarþola og kvað sér ókunnugt um eignir hans.

Framhald kyrrsetningarinnar hinn 29. s. m. fór í fyrstu fram í skrifstofu Finnboga Kjartanssonar í húsinu nr. 12 við Austurstræti hér í bæ. Finnbogi Kjartansson var þar eigi staddur, en af hans hálfu mætti bróðir hans, Jóhann Kjartansson, er kvaðst eigi geta greitt skuldina, en vísaði á til kyrrsetningar nokkra innanstokksmuni í skrifstofunni, sem fógeti kyrrsetti. Því næst var rétturinn fluttur í skrifstofu fógeta, og mætti stefnandi þar og með henni Kristinn Gunnarsson hæstaréttarlögmaður. Mót-mælti Kristinn löghaldskröfum sem röngum.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðaði síðan mál til staðfestingar kyrrsetningargerðinni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með tveimur stefnum, dags. 18. og 30. júlí 1957.

Mál þetta var tekið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 3. september 1957. Við þá fyrirtekt málsins mætti Finnbogi Kjartansson ekki eða neinn af hans hálfu, en af hálfu frú Unnar mætti málflutningsmaður og beiddist frests í málinu. Er málið kom næst fyrir rétt hinn 27. september, mætti Finnbogi sjálfur, viðurkenndi hann þá skuldina að fullu og kvað umboðsmann

frú Unnar enga heimild hafa haft til að æskja frests í málinu á sínum vegum.

Stefnandi þessa máls hafði ritað skiptaráðandanum í Reykjavík bréf hinn 2. september 1957, þar sem hún beiddist þess, að bú þeirra hjóna yrði tekið til opinberra skipta.

Hinn 16. september 1957 var haldinn skiptafundur í búi þeirra hjóna. Þar mætti Kristinn Gunnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir frú Unni, en Finnbogi Kjartansson var sjálfur mættur. Upplýstu mættu þar og þá, að fyrir bæjarþingi Reykjavíkur væri rekið mál gegn Finnboga Kjartanssyni, að fjárhæð 44.000.00 dollarar. Umboðsmaður frúarinnar mótmælti kröfunni sem rangri, en Finnbogi kvað hana rétta. Sjálfsagt þótti að heimila konunni að ganga inn í málið og halda uppi vörnum í því, enda greiddi hún þann aukakostnað, sem af andmælum hennar kynni að leiða.

Stefnanda þessa máls kom þessi skuld mjög á óvart. Hún taldi sig þekkja til manns þess, er taldi sig vera eigandi skuldarinnar, Ryszard Gorka í Warszawa. Hann hafði haft nokkur kynni af þeim hjónum á undanförnum árum, og hafði frúnni verið með öllu ókunnugt, að hann hefði nokkurn tíma talið til skuldar hjá Finnboga. Finnbogi hafði og aldrei talið skuld þessa fram á árlegum framtölum sínum til tekju- og eignaskatts. Frúin taldi því rétt að ganga inn í málið sem meðalgöngustefnandi, til þess að koma fram vefengingum sínum gegn kröfunni. Höfðaði hún síðan meðalgöngumál á hendur skuldareiganda og eiginmanni sínum, Finnboga Kjartanssyni. Meðalgöngustefnan er dagsett 20. september 1957, en málið var tekið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 24. s. m.

Stefnandi krafðist frávísunar meðalgöngumálsins, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði bæjarþings, dags. 19. maí 1958, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar, dags. 23. júní s. á.

Frú Unnur gekk því inn í málið sem meðalgöngustefnandi og krafðist sýknu og málskostnaðar. Hinn 10. maí 1961 var kveðinn upp dómur á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu á þá leið, að kyrrsetningargerðir stefnanda voru staðfestar og aðalstefndi, Finnbogi Kjartansson, dæmdur til að greiða aðalstefnanda fjárhæð þá, er hann hafði krafizt, ásamt vöxtum, eins og krafizt var, og kr. 48.000.00 í málskostnað. Kröfur meðalgöngustefnanda, frú Unnar A. Jónsdóttur, voru ekki teknar til greina, en málskostnaður í meðalgöngusök felldur niður.

Frú Unnur áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu, dags. 10. maí 1961.

Honum var og gagnáfrýjað af hálfu aðalstefnanda.

Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hinn 9. maí þ. á., og féll hann á þá leið, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð ætti að vera ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Gagnáfrýjandi, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka, skyldi greiða aðaláfrýjanda, Unni A. Jónsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 100.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Frú Unnur Jónsdóttir telur sig hafa haft mjög mikil óþægindi, skapraun, fyrirhöfn, áhyggjur og fjártjón af framangreindum kyrrsetningum og málssókn. Vill frúin benda á í því sambandi m. a., að hún hafi verið neydd til að afla sér mjög dýrrar lögfræðilegrar aðstoðar úti í Póllandi, þar til Ryszard Gorka loks viðurkenndi eðli hinnar sérstæðu kröfugerðar hans á hendur Finnboga Kjartanssyni og frú Unni konu hans.

Hún bendir enn fremur á, að hin risavaxna fjárkrafa, sem Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Gorka gerði á hendur eiginmanni hennar, hafi valdið algerri ringulreið á fjármálum Finnboga og þar af leiðandi hennar. Lánardrottinn Finnboga urðu að sjálfsgöðu varir við kyrrsetningargerðina í húseign þeirra hjóna og hröðuðu þess vegna innheimtuframkvæmdum, þ. á m. lögtökum og fjárnámum í fasteigninni. Kom þar að lokum, að bú Finnboga var tekið til opinberra gjaldþrotaskipta hinn 20. nóvember 1961.

Vegna hins fjármálalega öngþveitis, er frúin telur, að skapazt hafi vegna kröfugerðar Ryszard Gorka, vanrækti Finnbogi greiðslur til frúarinnar, svo sem meðlög o. fl. Varð hún einnig á þann veg fyrir stórkostlegu fjártjóni.

Frúin bjó í húseign þeirra hjóna, og olli hin mikla óvissa í fjármálunum henni miklum óþægindum, kvíða og andlegum þjáningum. Hún varð að hrökklast úr húsinu, eftir að kaupandi þess á nauðungaruppboði, er fram fór á því haustið 1961, hafði beiðzt útburðar á henni úr íbúðinni. Frú Unnur mun gera nánari grein fyrir málavöxtum við rekstur máls þessa.

Frúin kveðst hafa vænzt þess, að sér yrði heimilað að leita fullnægju í tryggingu þeirri, er sett var fyrir afleiðingum kyrrsetningarinnar, fyrir þeim kr. 100.000.00, er henni voru dæmdar úr hendi gagnáfrýjanda af Hæstarétti.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, er setti trygginguna að tilhlutan fógeta, hefur á hinn bóginn að sögn borgarfógeta

neitað að samþykkja, að frúnni verði afhentur tryggingarvixillinn eða að greiða hann, og hún kveður sér því nauðsyn að höfða mál til viðurkenningar á heimild sinni til að gera fjárnám í nefndum vixli til sölu við opinbert uppboð til greiðslu á málskostnaðarkröfu sinni og öðrum þeim fjárhæðum, er henni kunna að verða dæmdar úr hendi réttra viðkomenda vegna þráttnefndrar kyrrsetningar og eftirfarandi málssóknar, að því leyti sem tryggingin hrekkur til. Hún geymir sér og allan rétt til að gera frekari kröfur til bóta samkvæmt almennum skaðabótareglum gegn öllum þeim, er kunna að hafa stutt að kröfugerð Ryszard Gorka og framkvæmd hennar á einn eða annan veg.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á eftirfarandi röksemdum:

- 1) Að hann hafi ekkert umboð, hvorki „mandatar“umboð né nokkurt annað umboð, til að flytja mál þetta, nema fyrir sjálfan sig. Stefna á hendur sér f. h. Ryszard Gorka sé því einber lögleysa. Þá sé stefnan heldur ekki löglega birt fyrir Ryszard Gorka sjálfum, og sé því auðsætt, að vísa verði málinu frá dómi ex officio, að því er hann varðar.
- 2) Að mestur hluti kröfunnar, að því er Ryszard Gorka varðar, sé res judicata. Hann hafi þegar með hæstaréttardómi verið dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 í málskostnað. Honum verði ekki dæmt að greiða það í annað sinn. Þetta sé því lögleysa og varði líka frávísun ex officio að þessu leyti.
- 3) Að kröfugerð stefnanda á hendur þrotabúi Finnboga Kjartanssonar virðist og vera lögleysa, sbr. lög nr. 3/1878, 33., 35. og 81. gr., enda innköllunarfrestur útrunninn, þegar stefna var gefin út. Verði því eigi komizt hjá að vísa málinu frá dómi ex officio, að því er þrotabúi Finnboga Kjartanssonar varði.
- 4) Að dómkrafa um uppboðsandvirði, sem enginn veit, hvert verður, til ýmissa hluta sé óákveðin, og beri því að vísa henni frá dómi.
- 5) Að stefnandi sé ekki réttur aðili að kröfum um miskabætur í máli þessu, þar sem hún hafi ekki verið gerðarþoli, sbr. 24. gr. laga nr. 18/1949. En geti dómurinn ekki fallizt á, að stefnandi eigi enga aðild í málinu, þá geti aðild hennar þó aldrei orðið meiri en samaðild, óskipt sakaraðild með Finnboga Kjartanssyni, því að vitaskuld sé aðild Finnboga persónuleg krafa hans og þrotabúi hans algerlega óviðkomandi. Nú sé það hvort tveggja, að Finnbogi taki engan þátt í málshöfðun þessari, enda hafi hann samþykkt löghaldið, og svo hitt, að

honum sé eigi veittur kostur á að svara til sakar. Virðist því af þessari ástæðu rétt að vísa máli þessu frá dómi samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936.

- 6) Að víxill sá, sem krafizt er viðurkenningar á rétti til fjárnáms í, sé fyrndur og verðlaus, og virðist slík krafa ekki vera dómtæk. Beri því einnig af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.
- 7) Að krafa stefnanda um greiðslu úr hendi stefnda á vöxtum af málskostnaði samkvæmt hæstaréttardómnum sé algerlega vanreifuð, enda sé þess ekki krafizt, að stefnda verði persónulega dæmt að greiða þennan málskostnað. Sé með öllu örökstutt, hvers vegna stefndi ætti að greiða þessa vexti. Beri því einnig að vísa þessari kröfu frá dómi.

Svo sem fram kemur í stefnu, er kröfugerð stefnanda aðallega tvíþætt. Annars vegar krafa um miskabætur vegna löghalds 13. og 29. júlí 1957, kr. 100.000.00, og hins vegar krafa um viðurkenningardóm á rétti stefnanda til að gera fjárnám til sölu við uppboð í eigin sýningarvixli Magnúsar Thorlacius, er gefinn var út hinn 13. júlí 1957, að fjárhæð kr. 100.000.00, til tryggingar afleiðingum kyrrsetningargerðar, framkvæmdir af borgar-fógetanum í Reykjavík í eignarhluta Finnþoga Kjartanssonar í húseigninni nr. 54 við Háteigsveg, o. s. frv.

Um hina síðarnefndu kröfu er það að segja, að hún heyrir undir fógetadóminn, og ber því að vísa henni frá þessum dómi ex officio.

Að því er fyrrnefndu kröfuna varðar, þ. e. bótakröfuna, þá hefur stefna ekki verið birt Ryszard Gorka sjálfum í máli þessu, svo gilt sé að lögum. Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, sem stefnt er í máli þessu f. h. Ryszard Gorka, hefur eindregið mótmælt því, að hann hefði nokkurt umboð sem lögmaður hans í máli þessu. Þykir gegn þeirri staðhæfingu lögmannsins ekki unnt að líta svo á, að hann hafi slíkt umboð, enda þótt hann hafi haft það í öðru máli, sem Ryszard Gorka rak gegn Finnþoga Kjartanssyni út af skuld, að fjárhæð \$ 44.000.00, svo sem gögn málsins bera með sér. Þykir eðlilegt að líta svo á, að umboð Magnúsar Thorlacius sem lögmanns Ryszard Gorka hafi fallið niður, er því máli lauk með frávísunardómi Hæstaréttar 9. maí 1962.

Ber því einnig vísa kröfu þessari frá dómi ex officio, að því er Ryszard Gorka varðar.

Að því er varðar frávísunarkröfu stefnda Magnúsar Thorlacius

undir tölulið 3) að framan, ber þess að gæta, að hér er um að ræða atriði, er varðar efnishlið málsins, og verður því ekki tekin afstaða til þess í þessum hluta málsins.

Um frávísunarkröfu stefnda Magnúsar Thorlacius undir tölulið 5 að framan þess efnis, að stefnandi sé ekki réttur aðili að kröfum um miskabætur í máli þessu, þar sem hún hafi ekki verið gerðarþoli, sbr. 24. gr. laga nr. 18/1949, ber þess einnig að gæta, að hér er um að ræða efnisatriði, sem ekki verður því tekin afstaða til í þessum hluta málsins.

Hitt atriðið undir sama tölulið, þ. e. að aðild stefnanda geti aldrei orðið meira en samaðild, óskipt sakaraðild með Finnþoga Kjartanssyni o. s. frv., þykir ekki unnt að fallast á, þar sem stefnandi á í þessum málarekstri af því, að hún telur m. a. fyrrverandi eiginmann sinn, Finnþoga Kjartansson, hafa gengið of nærri hagsmunum sínum, sbr. atvikalýsingu máls þessa og undan-genginn málarekstur. Geta þau því ekki átt samaðild samkvæmt 46. gr. einkamálalaga í máli þessu. Verður því ekki litið svo á, að stefnandi hafi brotið í bága við nefnt lagaákvæði með máls-höfðun þessari, þannig að frávísun málsins varði.

Krafa um vaxtagreiðslu úr hendi stefnda Magnúsar Thorlacius af málskostnaði samkvæmt hæstaréttardómi í málinu nr. 90/1961: Unnur A. Jónsdóttir gegn Magnúsi Thorlacius f. h. Ryszard Gorka er algerlega vanreifuð, og ber því að vísa henni frá dómi ex officio.

Samkvæmt framanrituðu verða því úrslit málsins þau, að málinu verður vísað frá dómi ex officio, að því er Ryszard Gorka og Magnús Thorlacius varðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefnandi greiði stefnda Magnúsi Thorlacius málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00, en að málskostnaður gagnvart Ryszard Gorka falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio, að því er Ryszard Gorka og Magnús Thorlacius varðar.

Stefnandi, Unnur A. Jónsdóttir, greiði stefnda Magnúsi Thorlacius kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög-birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður gagnvart Ryszard Gorka fellur niður.